



Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 4/2024 (nr. 105)

Dagsetning: 16. maí 2024, Kl. 15:00 – 17:00

Staðsetning: TEAMS

Fundinn sátu eftirtalið háskólaráðsfólk: Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Laufey Haraldsdóttir (LH), Sveinn Margeirsson (SM), Berglind Víktorsdóttir (BV) (varamaður Einars Kr. Guðfinnssonar), Gísli Gunnarsson (GG) (varamaður Lilju Sigurlínu Pálmadóttur) og Anna Guðrún Edvardsdóttir (AGE) kom inná fundinn undir 3.lið. Róbert Smári Gunnarsson (RSG) boðaði forföll. GJS ritaði fundargerð.

Dagskrá 105. fundar:

1. Dagskrá fundar nr. 105 *Til samþykktar*
2. Fundargerð fundar nr. 104 *Til samþykktar*
3. Samtal um aukið samstarf við Háskóla Íslands - áframhald á myndun háskólasamstæðu, Anna Guðrún Edvardsdóttir kemur inn á fundinn - *Til samþykktar*
4. Uppfærð jafnréttisáætlun - *Til samþykktar*
5. Húsnæðismál Háskólans á Hólum - *Til upplýsinga*
6. Framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal og staðarhald - *Til upplýsinga*
7. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. **Dagskrá fundar nr. 4/2024**
2. **Fundargerð fundar nr. 3/2024**
 - a. Liðir 1 og 2 voru samþykktir.
3. **Samtal um aukið samstarf við Háskóla Íslands - áframhald á myndun háskólasamstæðu, Anna Guðrún Edvardsdóttir kemur inn á fundinn - *Til samþykktar***

Hólmfríður kynnti samkomulag Háskóla Íslands (HÍ) og Háskólans á Hólum (HH) um stjórnskipulag háskólasamstæðu. Í samkomulaginu hafa skólarnir tveir komið sér saman um grunnatriði stjórnskipulags háskólasamstæðu, en með slíkri samstæðu er átt við að tveir eða fleiri sjálfstæðir háskólar, er njóta faglegrar viðurkenningar (e. accreditation) starfi saman undir merkjum háskólasamstæðu, sem lýtur sameiginlegri yfirstjórn. Samkomulagið gerir ráð fyrir að um verði að ræða tvö megin-háskólasvæði (e. campus), þar sem háskólasamstæðan hefur staðsetningu, annars vegar í Skagafirði (á Hólum og Sauðárkróki) og hins vegar í Reykjavík, og síðan með háskólasetur víðar um landið. Markmiðið með háskólasamstæðunni er að byggja upp á árangursríkan hátt dýnamíska háskólastarfsemi sem mun skila **fjölbreyttara námsframboði, öflugri rannsóknum** og auknum tengslum við **atvinnulíf** og **samfélag** um land allt.

Í nefndinni/stýrihópnum fyrir hönd Háskólans á Hólum sem hefur unnið að þessu samkomulagi sitja HS rektor, Skúli Skúlason fyrrverandi rektor, Edda Matthíasdóttir framkvæmdastjóri, Róbert Óttarsson verkefnastjóri og AGE rannsóknarstjóri HH.



AGE er komin inná fundinn til að segja stuttlega frá vinnunni við samkomulagið og hvernig sú vinna hefur gengið. Hún gerir grein fyrir að vinnan að samkomulaginu hafi gengið vel og nefndarmenn frá HH verið samstíga í starfinu. AGE nefnir einnig að stjórnskipulagið geri ráð fyrir að báðir háskólarnir hafi ávinning af því sem og að samkomulagið sýni að stjórnskipulagið geti aldrei orðið öðruvísi en þar kemur fram. Í frásögn AGE og HS kemur jafnframt fram að þó hægt væri að styðjast við ákveðnar fyrirmyndir erlendis frá varðandi stjórnskipulag háskólasamstæðunnar, þá þurfti að leggja ákveðna vinnu í að finna hvað hentaði fyrir þessa tvo skóla.

LH þakkar nefndinni fyrir mikla og góða vinnu við þetta samkomulag. Þarna hafi ýmislegt áunnist fyrir hönd Háskólans á Hólum, en eðli samkomulaga sé að einnig þurfi að gefa eftir.

HS fór í gær og kynnti þetta samkomulag fyrir Byggðaráði Skagafjarðar, þar sem það fékk góðan hljómgrunn.

Samkomulagið samþykkt samhljóða.

AGE víkur af fundi.

4. Uppfærð jafnréttisáætlun - Til samþykktar

Á fundi háskólaráðs HH þann 18. janúar sl. var jafnréttisáætlun HH 2024-2026 lögð fram til samþykktar. Háskólaráð faldi jafnréttisnefnd að samræma áætlunina betur að nýju skipuriti HH og leggja hana svo aftur fram til samþykktar. Það hefur verið gert og er jafnréttisáætlunin því lögð fram að nýju til samþykktar. LH gerir stuttlega grein fyrir hvaða breytingar hafa verið gerðar í uppfærði jafnréttisáætlun.

Uppfærð jafnréttisáætlun samþykkt. LH situr hjá þar sem hún er í jafnréttisnefnd sem tók þátt í að vinna áætlunina.

5. Húsnæðismál Háskólans á Hólum - Til upplýsinga

Hvað varðar húsnæðismál Háskólans á Hólum er gert ráð fyrir uppbyggingu á sérhæfðri kennslu- og rannsóknaraðstöðu á Hólum fyrir Hestafræði- og Ferðamáladeild og á Sauðárkróki fyrir Fiskalífraeði- og fiskeldisdeild.

Staðan er þannig núna að það er komið fjármagn í fyrsta fasa til að byggja húsnæðið á Sauðárkróki. Jafnframt hefur HS undirritað verksamning við FSRE (Framkvæmdasýslu -Ríkiseigna). Stoð verkfræðistofu hefur eftir útboð (höfðu lægsta boðið) verið boðið að taka að sér þarfagreiningu (rýmisgreiningu) og hönnun, sem verður skilað 20. júní. Í framhaldi fer þetta í útboð og byggingu.

6. Framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal og staðarhald - Til upplýsinga

Forsætisráðuneytið er að skipa starfshóp um framtíð Hólastaðar sem skila á tillögum haustið 2024. Lítið gerst frá því á síðasta fundi. Nýr tengiliður í forsætisráðuneytinu. Búið að ýta á eftir málinu. Líklegt er að eldra húsnæði, þar á meðal núverandi aðalbygging HH verði hluti af þeim eignum sem færast til eignarhaldsfélagsins Storð sem er í eigu ríkisins og er ætlað að halda utan um menningarverðmæti.

7. Önnur mál

Í framhaldi rætt um vegamálin í Hjaltadal.

BV veltir upp hvort engir einkaaðilar hafi gefið sig fram og séu tilbúnir að styðja við Hólastað og starf Háskólans á Hólum, eftir að ástand staðarins var kynnt í skýrslunni "Endurreisn þjóðmenningarstaðar" sem gefin var út í febrúar 2024.